

1874.

18. júlí.

skipti úr hverri sýslunni, — sem hefir löngun til að ganga á landbúnaðarskóla, en vantar efni til þess.

3. gr.

Fyrst um sinn stjórnar amtmaðurinn yfir norður og austur-umdæminu og verzlunarstjóri vor á Húsavík sjóðnum, en þegar búið er að stofna fyrnefndan landbúnaðarskóla, skal leggja sjóðinn undir stjórn skólans.

4. gr.

Sé skólinn eigi stofnaður, þá er innstæðan ásamt með leigun-um er orðin 2000 rd., skal verja leigunum til ferðastyrks handa ungum manni, eins og áður var sagt, sem æskir að afla sér þekkingar erlendis á landbúnaði og jarðarrækt, og verður hann, til þess að fá styrkinn, að leita til þeirra manna, sem fyrst var getið í 3. gr., er þeir skulu útbýta gjöfinni; vitnisburðar héraðs-prófestsins um, að sá, sem sækir um styrkinn, sé hans maklegur, þarf með. Jafnshjótt og búið er að stofna skólann í norður- og austurumdæmi Íslands, fellur þessi ákvörðun úr gildi, og skal þá farið eftir því, sem sagt er í 2. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega senda reikning til landshöfðingjans yfir Íslandi um efnahag sjóðsins og hvernig honum hefir verið varið.

Kaupmannahöfn, 17. júlí 1874.

Örum og Wulff.

24. júlí.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um Vesturheimsfara.

Til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 29. f. m. gefum vör yður, herra landshöfðingi, til vitundar, að utanríkisstjórnin hefir svarað fyrirspurn þeirri, sem borin var upp fyrir henni, um það, hvort menn, sem hafa flutt sig af Íslandi og farið til

1874.

24. júlí.

Bandafylkjanna í Vesturheimi eða til Kanada, og þar verða hjálpar þurfandi, geti búið við, að þeim veitist nokkur styrkur, og hvort þess þá verði krafist, að framfærsluhreppar Vesturheimsfaranna á Íslandi endurgjaldi styrkinn, eða hvort þeir verði fluttir heim aptur, — á þá leið, að hún, jafnframt og byggt sé á því, að fyrirspurnin, sem borin er upp, eigi að eins við þann styrk, sem yfirvöld eða opinberar stofnanir í Bandafylkjunum í Vesturheimi og Kanada kynni að veita dönskum þegnum, eigi ekki hægt með, að gefa skýrslu um, hvernig þessu sé háttað í Norðurameríku, og að það muni bundið miklum örðugleikum, að útvega nákvæmar skýrslur um ákvarðanir þær, sem settar sé um þetta með lögum eða af yfirvaldinu, og sem án efa sé með ýmsu móti í hverju fylki. Utanríkisstjórnin getur því eigi svarað öðru uppá það, sem spurt er að, en því, að það sé álitid regla allra síðaðra þjóða ámilli, að þegar þegnar einhvers ríkis verði hjálpar þurfandi á meðan þeir dveli í öðru landi, þá sé þeim veittur styrkur fyrst um sinn af því ríki, þarsem þeir eru, og að eigi sé heimitað, að kostnaður sá, sem hlýzt af þessari framfærslu um stundar sakir, lækningum og aðhjúkrun, verði endurgoldinn af því ríki, þarsem þeir, er styrkinn hafa fengið, eiga heima. Að því leyti, er snertir endurgjald kostnaðarins við að senda þurfamenn heim aptur, þá verður venjulega farið með þann kostnað á sama hátt og framfærslu-útgjöld, með því hlutaðeiganda útlent ríki að öllum jafnaði borgar sjálft kostnaðinn. Hér verður samt að geta þess, að ef það kemur til tals að senda heim danskan mann úr einhverju landi, sem er mjög fjarlægð Danaveldi, þá er það eigi vist, að stjórnin í því landi sé fús til að greiða kostnaðinn við að senda þann, sem í hlut á, alla leið til takmarka Danaríkis, eða til næstu hafnar, með því það hefir komið fyrir, að hið útlenda ríki í þessum tilfellum hefir þótt laust allra mála að því leyti, er snertir flutning á þurfamönnum úr Danmörku, upp frá því, að búið var að koma þeim til verzlunarfulltrúa Danmerkur í einhverri höfn í hinu útlenda ríki.